

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2357
komudagur 25.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2008.

Umsögn Alþjóðahússins ehf. um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 528. mál, verðbréfalán, EES-reglur o.fl.:

Alþjóðahús fagnar því að með 2. gr. frumvarpsins er ætlunin að taka allan vafa um rétt erlendra ríkisborgara til endurgreiðslu iðgjalda vegna öflunar lífeyrisréttinda í séreign þegar þeir flytjast úr landi, þ.e. þegar slíkt er ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland á aðild að. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,



Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss



Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2356
komudagur 25.4.2008

Reykjavík, 23. apríl 2008
Tilvísun: 200804-0024

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 129/1997, 528. mál.

Alþýðusambandið fagnar að hafa borist fyrrgreint frumvarp til umsagnar, en forysta sambandsins hafði haft af því fregnir að til stæði að gera breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóðanna án þess að leitað hafi verið eftir eðlilegu samráði við heildarsamtök á vinnumarkaði eða samtök lífeyrissjóðanna.

Skipta má tillögum þessa frumvarps upp í tvennt, annars vegar breytingar á ýmsum ákvæðum laganna er varðar daglega framkvæmd og hins vegar breytingar sem lúta að fjárfestingarheimildum.

Hvað fyrri þátt þessa frumvarps varðar, þ.e. greinar 1. til 5. lýsir ASÍ sig sammála þessum tillögum. Um er að ræða mál sem upp hafa komið hjá lífeyrissjóðunum undanfarin misseri og starfsnefnd á vegum landssamtaka lífeyrissjóða lagði til við ráðuneytið að gerðar yrðu breytingar á. Því má segja að sátt ríki um þessar breytingar, sem allar horfa til betri vegar, og því mælir ASÍ með samþykkt þessa hluta frumvarpsins.

Það sama verður ekki sagt um seinni hluta þessa frumvarps, þ.e. 6. greinina. Eftir því sem ASÍ kemst næst hefur engin umræða átt sér stað hvorki innan raða heildarsamtakanna né lífeyrissjóðanna um þennan þátt málsins og óljóst hvaðan þessi tillaga er komin. Um er að ræða heimild til lífeyrissjóðanna til þess að lána verðbréf sem svarar til allt að 25% af hreinni eign sjóðanna (sem gæti verið nærri 500 milljarða króna m.v. núverandi eignastöðu lífeyrissjóðanna), að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi skilyrði eru að til þurfi að koma ríkisábyrgð, ábyrgð sveitarfélaga eða handveð í markaðsskráðum verðbréfum.

Alþýðusambandið gagnrýnir að svo umfangsmikil breyting sé lögð til án þess að leitað sé eftir samráði við aðila vinnumarkaðarins og landssamband lífeyrissjóða. Við efnislega skoðun á þessari tillögu koma upp ýmis álitamál sem nauðsynlegt er að skoða ítarlega, bæði faglega vegna áhættudreifingar og væntrar ávöxtunar, og félagslega m.t.t. þess til hvers fjármunir lífeyrissjóðanna eru nýttir. Afar mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um eðli slíkra fjárfestinga fyrir bæði stéttarfélagin sem og fulltrúa þeirra í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Að öðrum kosti er hætta á að þessi tillaga veki upp tortryggni og efasemdir. Eins vekur furðu hversu langt er gengið í fyrstu lotu – að heimila að allt að 25% af hreinni eign sjóðanna verði lánuð. Því leggur Alþýðusambandið til – og reyndar krefst þess – að þessum hluta frumvarpsins verði frestað til næsta þings þannig að ráðrúm sé til þess að skoða það nánar.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson

Framkvæmdastjóri ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 135/2812
komudagur 19.5.2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2008

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Þskj. 829 -528. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

BSRB gerir þá eindregnu kröfu að 6. grein frumvarpsins verði ekki fest í lög en hún heimilar lífeyrissjóðum að taka þátt í vogunarviðskiptum með verðbréf. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir geti yfirfært verðbréf tímabundið til aðila sem taka þátt í áhættuviðskiptum og geti lánveitingar af þessu tagi numið 25% af hreinni eign lífeyrissjóðs.

Jafnvel þótt unnt yrði að takmarka eða jafnvel tryggja eignir lífeyrissjóðanna í slíkum viðskiptum þá er þetta ekki viðskiptamáti sem samfélag okkar þarf nú á að halda. Á vettvangi BSRB hefur verið spurt hverjir hafi óskað eftir þessari lagabreytingu því ekki eru slíkar óskir komnar frá lífeyrissjóðunum, þaðan af síður frá verkalýðshreyfingunni. BSRB leggur ríka áherslu á að 6. grein frumvarpsins verði ekki samþykkt.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. P 135/2699
komudagur 14.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. maí 2008

Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál.

Bréf Efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 10. apríl sl. var tekið til meðferðar á fundum í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík þriðjudag 6. maí og í kjaranefnd FEB föstudaginn 9. maí og eftirfarandi ályktun samþykkt:

Við teljum gersamlega óviðunandi að svo skammur frestur sé gefinn til umsagnar um svo mikilsverðar breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu einkum 6. gr. Lífeyrissjóðakerfi Íslendinga var komið á með frjálsum samningum launþega og atvinnuveitenda 1969 og hefur þróast síðan í allgóðri sátt aðila. Sjóðsfélagar eru nú vel á annað hundrað þúsund og engar meiriháttar breytingar ætti að gera á kerfinu nema að undangengnum rækilegum umræðum á vettvangi aðila vinnumarkaðarins og með þeirra samþykki. .

Varúðarsjónarmið í meðferð fjármuna sjóðanna hefur verið grundvallaratriði í starfsemi þeirra. Með framkominni tillögu í 6. gr. frumvarps er verulega vikið frá þessu sjónarmiði og gert ráð fyrir að allt að 25% af hreinni eign sjóðanna geti farið inn á svokallað vogunarviðskiptasvið alþjóðlegs peningamarkaðar. Nýlegir atburðir á þeim peningamörkuðum með alþjóðlegri kreppu í kjölfarið eru víti til varnaðar. Þessi hugsanlega ráðstöfun, að 25% af hreinni eign lífeyrissjóðanna geti verið í vogunarviðskiptum, er gersamlega órædd meðal sjóðsfélaga og því krefjumst við þess fyrir hönd þeirra fjölmörgu eldri borgara sem eru helstu eigendur lífeyrissjóðanna að Alþingi afgreiði ekki umrætt frumvarp á þessu þingi.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík,

Ólafur Hannibalsson
formaður kjaranefndar FEB



Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 135/2450
komudagur 30.4.2008

Reykjavík 28. apríl 2008
Tilv. FLE 11-2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara

Málefni: Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál, verðbréfalán


Með bréfi dags. 10. apríl s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Gunnar Sigurðsson
Faglegur framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
bt. Nefndarsviðs Alþingis,
Efnahags og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/2424
komudagur 29.4.2008

28. apríl 2008
Tilvísun: 2008040056

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528.mál

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs Efnahags- og skattanefndar, dags. 10. apríl 2008, þar sem óskað er eftir umsögn eftirlitsins um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál, verðbréfalán, EES-reglur og fl.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við önnur ákvæði en þær breytingar er snúa að 6. gr. frumvarpsins (36. gr. laganna). Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilað að stunda verðbréfalán að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í júlí 2007 setti Fjármálaeftirlitið fram þá túlkun að 36. gr. laganna heimilaði ekki að óbreyttum lögum um lífeyrissjóði að lána verðbréf sín. Taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að skýrar reglur giltu um verðbréfalán áður en lífeyrissjóðir hæfu slík viðskipti. Fjármálaeftirlitið telur frumvarpið vera skref í þessa átt en gerir nokkrar athugasemdir, enda hefur það ekki átt þess kost á fyrri stigum. Jafnframt er rétt að fram komi að æskilegt hefði verið að betri tími hefði gefist til að fara heildstætt yfir jafn viðamikið mál.

1. Hámarks prósentu af hreinni eign lífeyrissjóða til verðbréfalána

Fjármálaeftirlitið bendir á að 25% af hreinni eign lífeyrissjóða er umtalsverð fjárhæð ef litið er til þeirra fjármuna sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Verðbréfalánnum fylgir alltaf einhver áhætta, t.d. í formi þess að sjóðirnir eru bundnir við þann lánstíma sem skilgreindur er í lánasamningi hverju sinni og geta því ekki hreyft við þeim verðbréfum sem þeir hafa lánað á meðan. Jafnframt er um mótaðilaáhættu að ræða, þó svo að þeirri áhættu sé að mestu mætt með tryggingum. Þá er lánastarfsemi ekki hluti af megin starfsemi lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið teldi æskilegra að í upphafi væri hámarkshlutfallið lægra en það mætti síðan endurskoða í ljósi reynslunnar. Með hliðsjón af varúðarsjónarmiðum leggur Fjármálaeftirlitið til að hlutfallið verði 10% af hreinni eign lífeyrissjóðs, en það er sama hlutfall og lífeyrissjóðir mega nú fjárfesta í óskráðum hlutabréfum.

2. Eignaréttur og atkvæðisréttur þeirra verðbréfa sem lánuð eru

Í frumvarpinu er ekki skýrlega kveðið á um hvernig fari með eignarrétt á þeim tíma þegar verðbréfin eru "lánuð" né heldur hver fari með atkvæðisrétt verðbréfanna á lánstímanum. Jafnframt er ekki skýrt kveðið á um hvernig staðið skuli að skráningu verðbréfaláns í verðbréfaskráningu eða hlutaskrá viðkomandi félags (ef um hlutabréf er að ræða). Einnig þarf að huga að hvernig verðbréfalán snúa að ýmsum reglum á fjármálamarkaði, t.d. um virka eignarhluti, yfirtökuskyldu, flöggunarreglur, markaðsmisnotkun og innherjaviðskipti. Með

hliðsjón af framangreindu væri æskilegt að löggjöf taki af allan vafa um framangreint.

Fjármálaeftirlitið fær ekki betur séð en að verðbréfalán verði að meðhöndla eins og sölu verðbréfa, þ.e. að eignarétturinn og atkvæðisrétturinn færist yfir til lántakanda. Þannig þyrfti að tilkynna um yfirfærslu á hlutabréfum til hlutaskrár viðkomandi félaga.

Jafnframt telur Fjármálaeftirlitið rétt að lífeyrissjóðunum verði gert að halda sérstaka skrá í bókum sínum um verðbréfalán sín.

3. Skilyrði

Í c-lið 6. gr. frumvarpsins eru tilgreind tvö skilyrði er snúa annars vegar að milligöngu viðurkenndrar verðbréfamiðstöðvar eða viðurkenndrar kauphallar og hins vegar að lántakanum. Samkvæmt frumvarpstextanum þarf annað hvort skilyrðið að vera uppfyllt.

Ekki er að fullu ljóst hver er tilgangurinn með umræddum skilyrðum. Virðist annars vegar sem kauphöll/verðbréfamiðstöð geti haft eins konar milligöngu eða miðlun með verðabréfalánasamninga og í því tilviki séu ekki gerðar sérstakar kröfur til mótaðila í þeim viðskiptum. Hins vegar, ef milliganga er ekki í höndum kauphallar/verðbréfamiðstöðvar virðist sú krafa gerð að lántaki (mótaðili) hafi starfsleyfi og lúti eftirliti vegna verðbréfavíðskipta á EES svæðinu.

Æskilegt væri að skýrt sé kveðið á um það í hverju milliganga kauphallar/verðbréfamiðstöðvar felist. Miðað við fyrirliggjandi frumvarpstexta má ætla að kauphöll hafi hlutverk miðlara í viðskiptum með sérstaka fjármálagerninga, þ.e. verðbréfalán. Þessir fjármálagerningar eru óskráðir, þó svo að samningsandlagið kunni (oftast) að vera skráð. Miðað við þetta virðist vera um miðlun að ræða sem er starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og virðist ekki falla undir starfsheimildir þær sem felast í kauphallarstarfsemi samkvæmt lögum nr. 110/2007. Af framansögðu leiðir að setja þarf heimild til þessarar starfsemi í kauphallarlög sé vilji fyrir því að kauphallir stundi slíka starfsemi.

Með tilliti til framangreinds gerir Fjármálaeftirlitið tillögu að breyttu orðalagi.

Í stað fyrrnefndra skilyrða varðandi milligönguáðila og lántakanda komi eftirfarandi skilyrði:
"Mótaðili lífeyrissjóðsins sé viðurkennd kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu eða fjármálafyrirtæki með starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu með heimild til verðbréfavíðskipta."

Fjármálaeftirlitið vill benda á að það kann að vera tryggara fyrir lífeyrissjóði að mótaðili verðbréfaláns sé eingöngu viðurkennd kauphöll eða fjármálafyrirtæki en ákvæði frumvarpsins býður upp á að samningsaðili lífeyrissjóðsins geti verið hver sem er ef það skilyrði er uppfyllt að viðurkennd kauphöll hafi komi að samningsgerðinni.

Að síðustu er rétt að benda á nokkur tæknileg atriði:

- Hugtakið viðurkennd verðbréfamiðstöð kemur ekki fyrir í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 eða lögum um kauphallir, nr. 110/2007, og er því ekki að fullu ljóst hvert inntak orðsins er.
- Varðandi starfsleyfi þarf að tiltaka hvers kyns starfsleyfi er átt við en væntanlega er átt við starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002, eða sambærilegt starfsleyfi innan EES, og sé þar með undir eftirliti lögbærs yfirvalds.

4. Tryggingar

Æskilegt væri að ákvæði um tryggingar væru fyllri, s.s. hvernig staðið skuli að frekari tryggingum ef markaðsverðmæti þeirra fjármálagerna sem lánaðir eru eða settir eru til tryggingar breytist á samningstímanum þannig að andvirði tryggingarinnar lækkar.


5. Eftirlit Fjármálaeftirlitsins með verðbréfalánum lífeyrissjóða

Heimild til verðbréfalána mun hafa áhrif á eftirlit Fjármálaeftirlitsins bæði með fjárhag lífeyrissjóða og framkvæmd á fjármálamarkaði. Gera má ráð fyrir því að upp munu koma tilvik og álitæfni sem geta kallað á frekari reglusetningu. Fjármálaeftirlitið leggur því til að sett verði inn í frumvarpið almenn heimild eftirlitsins til að setja reglur um einstaka þætti verðbréfalána, s.s. varðandi meðferð atkvæðisréttar, framkvæmd og hæfnisskilyrði lífeyrissjóða sem ætla að stunda verðbréfalán, framkvæmd öflunar trygginga á samningstíma og fleira.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Halldóra E. Ólafsdóttir



Hagstofa Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 135/2237
komudagur 15.4.2008

14. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál, verðbréfalán, EES-reglur o.fl.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál, verðbréfalán, EES-reglur o.fl.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2340
komudagur 23.4.2008



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2008

200804162
60.12
EJ

**Efni: Umsögn um frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528.
mál, verðbréfalán.**

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Einar Jónsson
Lögfræðingur

Samrit:



Alþingi
Erindi nr. P 135/2422
komudagur 29.4.2008

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,
efnahags- og skattanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Akureyri 28. apríl 2008.

Efni: umsögn um 528. mál, frv. til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, umskyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Jafnréttisstofa bendir á mikilvægi þess að sjónarmið um kynjajafnrétti séu ávallt höfð til hliðsjónar við lagasetningu. Sérstaklega er mikilvægt að skoða 3. gr. frumvarpsins m.t.t. þess hvort og þá hvernig þær breytingar sem lagðar eru til geti hugsanlega haft mismunandi áhrif á konur og karla. Lífeyrisréttindi eru mjög mikilvæg réttindi og því nauðsynlegt að staða beggja kynja sé sú sama hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst


f.h. jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur

2. **Lánamarkaður með verðbréf eflir skoðanaskipti á markaði.** Styðja má það fræðilegum rökum að lánamarkaður geri verðmyndun á hlutabréfamarkaði skilvirkari og dragi úr líkum á verðbólum og þeim djúpu lægðum sem þeim fylgja. Lánamarkaður gerir skortstöður mögulegar og fjárfestum því kleift að taka stöður í markaðnum hvort sem þeir trúa því að hann sé yfir- eða undirverðlagður. Stöðug skoðanaskipti af þessum toga draga úr líkum á því að verðmyndun á markaði verði óraunhæf í aðra hvora áttina. Þess má geta í þessu sambandi að t.d. breska fjármálaeftirlitið hefur talið slík skoðanaskipti mikilvæg fyrir skilvirkni verðbréfamarkaðar.
3. **Samræming við þróaða erlenda markaði er nauðsynleg.** Kauphöllin hefur á undanförmum árum unnið að því ásamt stjórnvöldum og markaðsaðilum að samræma umhverfi verðbréfavíðskipta hér á landi við það sem almennt gerist erlendis enda hefur Kauphöllin talið það forsendu aukinnar þátttöku erlendra aðila á íslenskum verðbréfamarkaði. Aukin þátttaka erlendra fjárfesta á markaði hér er mikilvæg fyrirtækjum sem hafa verðbréf sín í viðskiptum í Kauphöllinni. Hún gerir þau sýnilegri en ella og auðveldar aðgengi þeirra að fjármagni. Jafnframt getur hún aukið viðskipti til mikilla muna. Kauphöllin hefur orðið þess áþreifanlega vör undanfarin ár að íslensk sérkenni fæla fjárfesta frá markaðnum, ekki síst ef þau hafa á sér yfirbragð viðskiptahindrana sem þekkjast ekki á öðrum þróuðum mörkuðum. Brýnt er að skekka ekki stöðu íslenska markaðarins að ósekju í harðri alþjóðlegri samkeppni um skráð félög.
4. **Lánamarkaður með verðbréf eykur öryggi í uppgjöri viðskipta.** Viðskipti erlendra aðila á íslenskum hlutabréfamarkaði eru heldur vaxandi þótt enn sem komið er séu þau ekki mikil. Hér eins og víðast hvar annars staðar eru það helst erlendir aðilar sem geta öðru hvoru lent í vandræðum með uppgjör viðskipta á réttum tíma – yfirleitt af tæknilegum ástæðum. Það eykur öryggi í uppgjöri verulega ef hægt er að fá verðbréf lánuð með skömmum fyrirvara við slíkar aðstæður til fullnustu uppgjörs.
5. **Verðbréfalán skapa lífeyrissjóðum auknar tekjur.** Lífeyrissjóðir eiga mikið af hlutabréfum og skuldabréfum sem væru eftirsótt til lántöku. Árlegar tekjur lífeyrissjóða af verðbréfalánnum gætu numið hundruðum milljóna jafnvel þótt þeir nýttu ekki til lánveitinga nema hluta þeirra heimilda sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Engin ástæða er fyrir íslenska lífeyrisþega til að fara á mis við þá fjármuni. Hér verður einnig að hafa í hug að frumvarpið leggur til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að lána verðbréf sín en ekki er um skyldu að ræða. Lífeyrissjóðum verður því í sjálfsvald sett hvort þeir muni nýta sér þessa heimild, verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

*Alþingi
Erindi nr. P 135/2848
komudagur 16.5.2008*

From: Pall Hardarson [mailto:Pall.Hardarson@nasdaqomx.com]
Sent: 16. maí 2008 17:31
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: Arnina Steinunn Kristjansdóttir
Subject: Skilgreining á verðbréfalánum

Sæll og blessaður,

Að beiðni formanns efnahags- og skattanefndar sendi ég hér skilgreiningu á verðbréfaláni. Skilgreiningin er fengin frá International Securities Lending Association.

Kveðja,
Páll

Securities lending is the temporary transfer of a security by its owner to another investor or financial intermediary. Once the securities have settled, the title and voting rights are transferred to the borrower, who can sell or re-lend the borrowed securities during the life of the loan. In return, the borrower agrees to return the loaned securities, secure the loan with collateral of equal or greater value than the loaned securities, and pay any user fees (implicit or explicit), and remit to the lender any dividends, coupon interest or other distributions that occur during the time the securities are on loan.

Pall Hardarson
NASDAQ OMX
Direct: +354 525 2821
Mobile (or Cell): +354 691 0945

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 10. apríl s.l., óskað eftir umsögn um frumvarp tillaga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 528. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þess getið að meginbreytingin felist í því að lífeyrissjóðum verði nú heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Nokkrar aðrar breytingar eru einnig lagðar til, sem stefna að auknum sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris, auk nokkurra smærri breytinga.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa farið yfir umrætt frumvarp og gera engar athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í 1.gr. til 5. gr. frumvarpsins. Allar þær breytingar eru í samræmi við tillögur Landssamtaka lífeyrissjóða, sem kynntar voru fjármálaráðuneytinu s.l. haust.

Hvað snertir 6.gr. frumvarpsins er varðar breytingar á 36. gr. lífeyrissjóðalaganna, einkum um heimildir lífeyrissjóða til verðbréfalána, skal eftirfarandi sérstaklega tekið fram.

Landssamtök lífeyrissjóða réðust í ítarlega úttekt á þeim reglum sem gilda um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og mótun fjárfestingarstefnu fyrir sjóðina. Meginniðurstaða þeirrar úttektar var sú að þær breytingar sem gerðar hafa verið fyrir tilstuðlan samtakanna frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna hafa gefist vel og verið til þess fallnar að gera sjóðunum fært að ná betri ávöxtun á eignir sjóðanna en ella hefði orðið.

Niðurstaða af framangreindri úttekt var jafnframt sú að gerðar voru tillögur að tilteknum breytingum á gildandi reglum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða sem lúta að afmörkuðum en mikilvægum þáttum í fjárfestingarheimildum sjóðanna. Í þeirri úttekt var ekki að finna ákvæði um heimildir til lífeyrissjóða til verðbréfalána.

Jafnframt var kynnt sú hugmynd að færa einstakar takmarkanir inn í reglugerð en hafa grundvallarreglur áfram í lögum, með það að markmiði að gera löggjafanum og framkvæmdavaldinu betur kleift að fylgja eftir þróun á fjármálamörkuðum og mæta þörf sjóðanna fyrir þróun reglna um fjárfestingarheimildir í framtíðinni.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa kynnt fjármálaráðuneytinu þá afstöðu sína að mikilvægt sé að rýmka reglur lífeyrissjóðanna varðandi fjárfestingarheimildir þeirra. Þó svo að þessar tillögur hafi að sinni ekki náð fram að ganga er þó ljóst að megin-tilgangur frumvarpsins um heimildir sjóðanna um verðbréfalán er til rýmkunar á fjárfestingarheimildum sjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða mæla með samþykki frumvarpsins, en telja þó eðlilegt að gildistöku ákvæða vegna heimilda lífeyrissjóða til innlendra verðbréfalána skv. 6. gr. verði frestað.

Í ljósi aðstæðna á verðbréfamörkuðum og undirbúnings af hálfu sjóðanna, m.a. vegna breytinga á fjárfestingastefnum þeirra er eðlilegt að sjóðunum gefist nægur tími til að mæta þessum auknu heimildum sem gera lífeyrissjóðunum kleift að taka þátt í viðskiptum á skipulögðum lánamarkaði með innlend verðbréf.

Virðingarfyllt
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA





RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2472
komudagur 2.5.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Dagsetning
28. apríl 2008

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 10. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál, verðbréfalán, EES-reglur o.fl.


Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar á gildandi lögum og þá einkum þá að lífeyrissjóðum verði framvegis heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf.

Ríkisendurskoðun hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Sig. Þ. →

Tommas Gunn.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2395
komudagur 28.4.2008



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25.04.2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. 528. mál.

Mikilvægasta breytingin sem í frumvarpinu felst er að heimila lífeyrissjóðnum að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf, en að auki eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar sem miða að auknum sveigjanleika við ráðstöfun lífeyrisréttinda og greiðslu ellilífeyris ásamt nokkrum smærri breytingum.

Að mati Samtaka atvinnulífsins er almennt skynsamlegt að rýmka reglur um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna. Breytingar sem gerðar hafa verið í þá veru í samvinnu við lífeyrissjóðina hafa gefist vel og gert mögulegt að ná aukinni ávöxtun á eignir sjóðanna. Frá þessu sjónarmiði getur ákvörðun um að heimila lífeyrissjóðunum að lána verðbréf með þeim hætti sem í 6. gr. frumvarpsins felst verið skynsamleg og auk þess stuðlað að aukinni framþróun á verðbréfamarkaði.

Nauðsynlegt er hins vegar að ná sem bestri samstöðu um slíka breytingu og þau markmið sem þar búa að baki áður en hún verður lögfest. Er því lagt til að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað en tíminn nýttur vel til að taka málið til nánari umræðu og undirbúnings á vettvangi lífeyrissjóðanna með það að markmiði að taka málið aftur upp á haustþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson hagfræðingur

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

22.4.2008
Til viðskiptanefndar
Frá Samtökum fjárfesta

Alþingi
Erindi nr. P 135/2321
komudagur 22.4.135/2321

Pingmál nr 528

Samtök fjárfesta telja eðlilegt að stytta uppsagnarfrest varðandi viðbótarsparnað eins og lagt er til í frumvarpinu.

Langur binditími er fyrst og fremst kvöð fyrir launþega og kann að vera slæm binding vegna lélegrar ávöxtunar fjármálatyrtækis.

Annað ákvæði frumvarpsins sem skiptir verulegu máli er heimild lífeyrissjóða til að lána verðbréf.

Samtök fjárfesta telja rétt að

eyða lagaóvissu í þessu efni en það er svo mál einstakra lífeyrissjóða á hvern hátt þau nota heimildina.

Í frumvarpinu eru ákvæði um trygginar í verðbrefalánum og á það að tryggja stöðu lánveitanda enn frekar.

Með vinsemd og virðingu,

F h Samtaka fjárfesta
Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2521
komudagur 5.5.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 5. maí 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um starfsemi lífeyrissjóða (528. mál).

Almennt

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða. SFF komu ekki að undirbúningi frumvarpsins, en er kunnugt um að Landssamtök lífeyrissjóða höfðu sent fjármálaráðherra erindi með ábendingum um atriði sem betur megi fara í lögnum. Meðal annars var þar lögð áhersla á að rýmka fjárfestingarheimildir sjóðanna. SFF taka undir þau sjónarmið. Þar má m.a. horfa til rýmkunar hlutfallslegra takmarkana á fjárfestingum í einstökum tegundum fjármálagerninga. SFF telja einnig mikilvægt að fá inn í lögina ákvæði sem taka mið af nýsettum lögum um sértryggt skuldabréf. SFF telja því miklu skipta að frumvarpið verði lögfest með þeim breytingum sem hér eru lagðar eru til.

Um verðbréfalán

Í 6. gr. frumvarpsins, sem felur í sér stærstu breytinguna, er lagt til að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf.

SFF eru almennt fylgjandi því að hér á landi þróist skipulegur lánamarkaður með verðbréf, enda er það í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað í nágrannaríkjum Íslands. SFF tóku m.a. þátt í starfi nefndar forsætisráðherra um alþjóðlegt fjármálaumhverfi á Íslandi, en í skýrslu þeirrar nefndar sem kom út í október 2006 var áhersla á þennan þátt. Þar var lagt til að á þessu yrði tekið í lögum um lífeyrissjóði, lögum um verðbréfasjóði og lögum um verðbréfavíðskipti.

Fyrirliggjandi breytingartillaga 6. gr. frumvarpsins er í takt við þessar áherslur. SFF hafa hins vegar áhyggjur af því að opnað verði á láns möguleika stærstu íslensku fjárfestanna, lífeyrissjóðanna, í innlendum félögum án þess að búið sé að setja upp nægilega sterka umgjörð um þennan markað áður. Ljóst er að meðan vaxtastig á Íslandi er jafn hátt og raun ber vitni getur verið stór ávinningur fyrir fjárfesta að fá lánuð bréf og selja þau á markaði. Í ljósi þessa háa vaxtastigs er mjög mikil eftirspurn eftir því að fá lánuð bréf og ef lífeyrissjóðunum yrði gert heimilt að lána sín hlutabréf má búast við verðfalli hlutabréfa sem gæti aukið áhuga á skortsölu og rýrt eignir lífeyrissjóðanna. SFF telja skynsamlegt að fresta gildistöku greinarinnar hvað innlend hlutabréf varðar og tíminn fram til gildistöku verði notaður til að setja hér reglur um skortsölu. Þar verði horft til bestu framkvæmdar í nágrannaríkjum, s.s. Noregi.

Þá eru SFF með ábendingu hvað varðar tilvísun í handveð, í 3. tölul. 2. mgr. c-lið 6. gr. Ákvæðið er óþarft enda eignayfirfærsla viðurkennd sem tryggingarform með l. nr. 46/2005, um fjárhagslegar tryggingarráðstafnanir.

Um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Sértryggt skuldabréf

SFF telja jafnframt mikilvægt að í 36. gr. laganna verði bætt sérstöku ákvæði sem lítur að sértryggtum skuldabréfum, en ný lög um þau, nr. 11/2008, tóku gildi hér á landi fyrir skemmstu. Sértryggt skuldabréf þykja mjög traust enda eru efnir slíkra bréfa tryggðar í tilteknum undirliggjandi eignum útgefanda og sérstakar efnisreglur koma fram í lögum nr. 11/2008 um útgáfu þeirra. Þess má jafnframt geta að slík bréf eru, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, hæf til endurhverfra viðskipta í Seðlabanka Íslands og seðlabönkum annarra landa.

Samkvæmt lögum um sértrygð skuldabréf er aðeins heimilt að nota sem undirliggjandi veðskuldabréf lán sem eru með að hámarki 80% láns hlutfall þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða og 60% ef um atvinnuhúsnæði er að ræða. Útgefanda er aðeins heimilt að gefa út sértrygð skuldabréf að fengnu leyfi Fjármálaeftirlitsins og aðeins ef fjárhagur útgefanda er svo traustur að hagsmunum annarra kröfuhafa sé ekki stefnt í hættu með útgáfu bréfanna. Eiginfjárgrunnur útgefanda sértryggðra skuldabréfa þarf því að vera traustur til þess að hann hljóti leyfi til útgáfu slíkra bréfa.

Samkvæmt núgildandi lögum um lífeyrissjóði, nr. 129/1997, fellur fjárfesting í slíkum skuldabréfum undir 5. tl. 1. mgr. 36. gr. og þar með undir þær takmarkanir sem tilgreindar eru í 5. mgr. 36. gr. laganna. Vegna séreðlis þessara bréfa, sbr. framangreint, eiga sjónarmið um mótaðilaáhættu ekki við í sama mæli og önnur bréf sem lífeyrissjóðir fjárfesta í, heldur er fremur verið að taka áhættu í undirliggjandi veðskuldabréfum. Er því lagt til að rýmri mörk gildi um þessi bréf í lögum um lífeyrissjóði en nú er. Jafnframt er lagt til að ráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð um þau skilyrði sem bréfin þurfa að uppfylla til að rýmri heimildir gildi um fjárfestingar í þeim.

Óskráð bréf

SFF telja orðið brýnt að endurskoða takmörkun á heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum bréfum. 36. gr. laganna gerir gera ráð fyrir að slíkar fjárfestingar megi að hámarki nema 10% af hreinni eign hvers sjóðs. Sú þróun hefur átt sér stað að undanförmu að sífellt fleiri íslensk félög, í ólíkum atvinnugreinum, eru að taka bréf sín af markaði. Fjöldi fjárfestingarkosta í óskráðum félögum innanlands vex þannig hratt. Mikilvægt er að löggjöfin taki mið af þessari þróun og leggja SFF til að takmörkunin verði 15% í stað 10%. Eftir sem áður verður það stjórn hvers og eins lífeyrissjóðs að ákveða hvort og þá að hve miklu leiti sjóðurinn nýtir sér sitt svigrúm í þessum efnum.


Einstakir útgefendur

Í 36. gr. er heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af sama aðila takmörkuð við 10% af hreinni eign hvers sjóðs. Tímabært er að hækka þessi mörk bæði í ljósi þess að úrval skráðra bréfa á innlendum markaði hefur minnkað eins og fyrr kemur fram auk þess sem sjóðirnir verða að hafa svigrúm til að mæta sameiningum á markaði. SFF leggja því til að þessi heimild verði hækkuð í 15% og samhliða verði hámarkshlutfall verðbréfa og innlána í sama aðila hækkað úr 25% í 30%. Hafa verður í huga að hér er verið að tala um lagalegar takmarkanir, en endanleg ákvörðun um fjárfestingarstefnu er í höndum stjórna sjóðanna sjálfra. Þær geta þannig óháð slíkri lagabreytingu haldið sig við óbreytta fjárfestingarstefnu um sinn, en hafa jafnframt tók á því að bregðast hratt við ef markaðsaðstæður breytast s.s. við sameiningu stórra eininga.

SFF leggja til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

- Við 6. gr. bætist þrjár nýir stafliðir, c-, d-, og e-liðir, sem orðist svo:
 - C. Í stað „10%“ í 1. másl. 3. mgr. komi: 15%
 - D. Eftirfarandi breytingar verði á 5. mgr.
 - Í stað „10%“ í 1. másl. komi: 15%
 - Í stað „25%“ í 3. másl. komi: 30%
 - Við bætist nýr málslíður svohljóðandi: „Þá skal lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 35% af hreinni eign sjóðsins í skuldabréfum skv. 5 tölul. 1. mgr. útgefnum af einum aðila enda sé um að ræða sértrygð skuldabréf sem gefin eru út á grundvelli laga og getur sú eign komið til viðbótar eign í öðrum verðbréfum gefnum út af sama aðila eða innlánun hjá sama aðila.“
 - E. Við bætist ný málsgrein, 10. mgr., svohljóðandi: „Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem settar eru nánari reglur um þau skilyrði sem sértrygð skuldabréf þurfa að uppfylla svo lokamálsliður 5. mgr. eigi við um þau.“
3. tölul. 2. mgr. c-liðar (sem verði f-liður) 6. gr. frumvarpsins falli brott.
- Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: „Brátt fyrir ákvæði um verðbrefalán í 10. og 11. mgr. 36. gr. laganna skal lífeyrissjóðum óheimilt að lána innlend hlutabréf fram til 1. janúar 2009.“

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/2449
komudagur 30.4.2008


28. apríl 2008
SI-40428


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. apríl 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 528. mál, verðbréfalán, EES-reglur o.fl.

Meginbreytingin sem lögð er til í frumvarpinu er að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf. Markmið breytingarinnar er að auka virkni slíks lánamarkaðar. Seðlabanki Íslands telur slíka breytingu til bóta, m.a.í ljósi þess að hún kann jafnframt að auðvelda framkvæmd peningastefnunnar. Bankinn styður því samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2394
komudagur 28.4.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. apríl 2008
SLB/028(2008)

Efni: Frumvarp. til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 528. mál.

Vísað er til erindis Efnahags- og skattanefndar Alþingis frá 10. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun hefur engar sérstakar athugasemdir fram að færa við frumvap, sem fjallar um efni sem er utan við starfssvið Tryggingastofnunar.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lilly Baldursdóttir,
Forstjóri. Tryggingastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 135/2423
komudagur 29.4.2008



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (528. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifærl að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagt er að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka þátt í skipulegum lánamarkaði með verðbréf.

Að mati Viðskiptaráðs mun frumvarp þetta, verði það að lögum og heimildir þess nýttar, styrkja enn frekar þann lánamarkað með verðbréf sem OMX kauphöll Íslands setti á laggirnar síðastliðið vor. Virkur lánamarkaður eflir skoðanamyndun á markaði og styrkir verðbréfamarkaðinn í heild sinni. Verðbréfalán geta enn fremur aukið skilvirkni á markaði og auðveldað uppgjör félaga, eins og rakið var í skýrslu forsætisráðherra um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð. Viðskiptaráð tekur því undir það sjónarmið skýrslunnar að innleiðing virks lánamarkaðar með verðbréf sé nauðsynleg forsenda þess að hér á landi sé fjármálamarkaður sem uppfylli öll helstu skilyrði sem alþjóðlegur verðbréfamarkaður þarf að uppfylla. Aðkoma lífeyrissjóða skiptir sköpum fyrir virkni slíks markaðar.

Þau sjónarmið hafa verið reifuð að ekki sé rétt að lífeyrissjóðir taki þátt í markaði af þessu tagi. Í framangreindri skýrslu var bent á að slíkur markaður geti komið lífeyrissjóðum vel, t.d. ef þeir vilja tímabundið minnka áhættu vegna hlutabréfastöðu. Einnig hefur verið bent á að til lengri tíma litið myndu verðbréfalán af þessu tagi auka ávöxtun lífeyrissjóðanna – til hagsbóta fyrir íslenska lífeyrisþega. Þessu til viðbótar þá getur virkur lánamarkaður með verðbréf jafnað sveiflur á markaði og haldið aftur af árásum spákaupmanna með því að draga úr líkum á óraunhæfum hækkunum á markaði – til hagsbótar fyrir efnahagslífið í heild sinni.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarplið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

